



B.t. skólastjórnanda

Reykjavík 25. apríl 2018

Efni: Aðalfundur FG 17.-18. maí 2018

Ágæti skólastjórnandi

Handhafi þessa bréfs hefur verið valin/nn til að sitja sem aðalfulltrúi á aðalfundi Félags grunnskólakennara. Aðalfundurinn verður haldinn 17.-18. maí 2018 í Borgarnesi. Fundurinn hefst kl. 13:00 þann 17. maí en aðalfundargestir þurfa að vera komnir á fundarstað þá. Fundinum lýkur svo á föstudag kl. 16:00.

Með þessu bréfi vil ég hvetja þig til að taka vel í beiðni viðkomandi um að fá frí frá störfum þessa tvo daga til að sækja aðalfund FG 2018.

Það skiptir miklu máli að fundurinn takist vel og verði fjölsóttur.

Með fyrirfram þökk,

Ólafur Loftsson
Formaður FG.